

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

13. júní 2015

**Efni:** Umsögn BHM um frumvarp til laga um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sbr. þingskj. nr. 1419, 798. mál.

BHM vísar til athugasemda sem komu fram á fundi allsherjar- og menntamálanefndar í morgun en BHM var gefinn frestur til hádegis til að skila inn skriflegum athugasemdum. Ekki þarf að hafa mörg orð um það að sá frestur mjög lítill þegar horft er til alvarlega málsins sem aðildarfélög BHM standa frammi fyrir með þessu frumvarpi. Athugasemdir BHM eru því ekki tæmandi hér fyrir neðan.

BHM mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem lagt var fyrir Alþingi í gær. Afskipti stjórnvalda af verkfallsrétti og samningsfrelsi stéttarfélaga er alvarlegt inngríp í lögmæta starfsemi stéttarfélaga. Verkföll BHM hafa nú staðið í tæpar 11 vikur en samningaviðræður milli ríkisins og BHM hafa staðið yfir frá því fyrir áramót.

Í 74. gr. stjórnarskrár Íslands og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu felst almennt bann við afskiptum stjórnvalda og löggjafans. Samþykki Alþingi frumvarpið eru aðildarfélög BHM sem samningsaðilar svipt þeim þvingunarúrræðum sem stéttarfélögin hafa til að knýja á um samningsniðurstöðu.

Með frumvarpinu er ríkið sem annar deiluaðili að leggja til lög á kjaradeilur sem það á sjálft aðild að. Undirstrikar það enn og aftur að ríkið hefur frá upphafi átt í sýndarviðræðum. Í kjaradeilu ríkisins og BHM fara hagsmunir stjórnvalda og BHM í megindráttum saman og því hefði verið hægt að ljúka samningum fyrir löngu síðan. Á það hefur BHM ítrekað bent. Ríkið hefur hins vegar dregið samningaviðræður á langinn á þeim forsendum að það eigi ekki að vera leiðandi í launasetningu á vinnumarkaði. Á meðan hafa alvarlegar verkfallsaðgerðir verið í gangi. Ríkið gerði ekki minnstu tilraun til að afstýra því að verkföll skulu á þann 7. apríl sl. Allajafna er það jöfn ábyrgð aðila kjarasamninga að ljúka samningum sín á milli en alltaf þarf tvo til. Allan tímann hefur viðsemjandi BHM ekki verið við samningaborðið af heilum hug meðan BHM hefur ítrekað lagt fram fjölbreyttar tillögur til lausnar deilunni.

Verkfallsrétturinn er hluti af samningsfrelsi stéttarfélaga og er lögbundin leið til að knýja viðsemjenda til að ganga til samninga. Afskipti stjórnvalda af verkfallsrétti og samningsfrelsi

stéttarfélagi er alvarlegt inngríp í lögmæta starfsemi stéttarfélagi. Litið hefur verið svo á að réttur þessi skuli ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi.

Sérstakar undanþágunefndir hafa starfað allan þann tíma sem verkföll hafa staðið og meðhöndlað undanþágubeiðnir svo afstýra megi neyðarástandi. BHM mótmælir því að slík vá sé raunverulega fyrir dyrum sem réttlæti svo víðtæka íhlutun í stjórnarskrárvarin réttindi sem lagasetning er. Ekki séu slíkir ríkir almannahagsmunir í húfi, enda hefur verkfallið ekki lömunaráhrif á þjónustu í landinu, þrátt fyrir að sumir hlutar þeirrar þjónustu séu skertir á meðan á verkfalli stendur, ólíkt því sem ráða má af athugasemdum með frumvarpinu. Í því sambandi verður m.a. að líta til þess að lögum samkvæmt sinna þeir starfsmenn sem eru í verkfalli áfram störfum í verkfalli sem að falla undir ákvæði 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. þeir sem gegna störfum sem er að finna í öryggisskrá sem birt er samkvæmt 2. mgr. 19. gr. s.l., en oft eru þessi skrá kölluð undanþágulisti. Fjöldmörg störf eru á gildandi undanþágulista sem fjármála- og efnahagsráðuneyti birtir. Fer því fjarri að nauðsynlegustu heilbrigðis- og öryggisþjónustu sé ekki sinnt á meðan á verkfalli stendur Til viðbótar þessu eru undanþágur veittar í neyð, þ.e. starfsmenn í verkfalli eru kallaðir tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi ef heimild er veitt samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986. Í yfirstandandi verkfalli, skipta veittar undanþágur samkvæmt lagaákvæði þessu þúsundum. Af þessu má ljóst vera að verulegur hluti verkfallsmanna sem starfa hjá ríkinu eru við störf þrátt fyrir að verkfallsaðgerðir séu í gangi.

BHM mótmælir þeirri aðför sem það telur ríkisvaldið leggja í gagnvart samningsfrelsi og verkfallsrétti með frumvarpinu, sem greinilegt er að ætlað er að tryggja að úr kjaradeilu aðila verði leyst samkvæmt þeim kröfum sem ríkisvaldið hefur sett fram í viðræðum aðila. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að ekkert knýr á um að ríkið gangi að kröfum aðildarfélagi BHM eða mæti þeim með hærra boði fyrir 1. júlí nk. Ljóst má einnig vera að hagsmunir ríkisins felast ótvírætt í því að gerðardómur taki málið til meðferðar hinn 1. júlí nk. Þar kemur til að samkvæmt efni frumvarpsins er gerðardómi ætlað að taka mið af kjarasamningum sem gerðir hafa verið 1. maí sl. og síðar, en undir það falla þá m.a. kjarasamningar sem Samtök atvinnulífsins gerðu á almennum vinnumarkaði fyrir stuttu, en ríkið hefur í viðræðum aðila horft mjög til þess að samræma kjör félagsmanna BHM við sams konar kjarabreytingar og þeir kjarasamningar kveða á um. Að sama skapi vekur sérstaka eftirtekt að skv. 3. gr. frumvarpsins er gerðardómi ekki ætlað að miða við kjarasamninga sem hafa verið undirritaðir fyrir 1. maí sl. Virðist augljóst að með því er ríkið að tryggja að launakjör félagsmanna aðildarfélagi BHM sem starfa hjá ríkinu, verði ekki bætt til samræmis við þær kjarabreytingar sem ríkið t.a.m. samdi við lækna í janúar sl., þ.e. rúmum þremur mánuðum fyrir tímamark það sem getið er um

í frumvarpinu. Frumvarpinu, sem samið er af framkvæmdavaldinu sem einnig stendur sjálft í kjaraviðræðum við þann sem frumvarpið beinist gegn, er því í raun ætlað að knýja viðsemjandann til þess að gangast undir þau kjör og þau viðmið sem að framkvæmdavaldið telur rétt sem viðsemjandi að samið verði um. Ójafnræði aðila að þessu leyti er hrópanði þegar annar aðilinn getur í krafti þess að grípa til lagasetningar, fest í lög ákvæði um bann við verkfallsaðgerðum gagnaðilans og að leyst verði úr kjaradeilu samkvæmt þeim kröfum og viðmiðum sem hann hefur sjálfur uppi. Mannréttindi og stjórnarskrárvarinn réttur við þær aðstæður er augljóslega fyrir borð borinn.

Að lokum gerir BHM alvarlegar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins en í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir að kveðið sé á um friðarskyldu milli deiluaðila frá því að frumvarpið fær lagagildi og á gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Þá segir orðrétt: „*Vinnustöðvanir deiluaðila, sem og hvers konar verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru samkvæmt því óheimilar.*“ Gildir einu hvort aðgerðir hafi hafist eða séu boðaðar áður en frumvarpið fær lagagildi.

F.h BHM

Erna Guðmundsdóttir hdl lögmaður BHM